

Viðmið fyrir grunnskóla um gerð læsisstefnu

Í læsisstefnum skólanna þarf að koma fram hvernig unnið verður að því að uppfylla viðmiðin í öllum þáttum læsis.	
Talað mál, hlustun og áhorf	• Efling orðaforða í öllum námsgreinum. • Umhverfi sem ýtir undir máltjáningu. • Skimanir og/eða mat á orðaforða, málskilningi og máltjáningu. • Leiðir til að tryggja inngildingu ólíkra hópa varðandi eflingu orðaforða, málskilnings og máltjáningu. • Áætlun um samfellu á milli skólastiga og aldursstiga • Skólar nota gagnreyndar, fjölbreyttar og skapandi kennsluaðferðir sem stuðla að jákvæðu viðhorfi til hlustunar og áhorfs. • Áætlun um leiðir sem eru farnar til að kenna og efla hlustun og áhorf í kennslu og námi í öllum námsgreinum og á öllum skólastigum. Í áætlun er gerð grein fyrir samfellu á milli skólastiga og aldursstiga. • Mat á hlustunarskilningi. • Mat á áhorfsskilningi.
Lestur og bókmenntir	• Notaðar eru gagnreyndar, fjölbreyttar og skapandi kennsluaðferðir sem stuðla að jákvæðu viðhorfi til lesturs. • Áætlun um lestrarkennslu í öllum árgöngum grunnskólans þar sem meðal annars kemur fram hvaða aðferðir eru notaðar og hvernig unnið er með þjálfun lesskilnings í öllum námsgreinum. Í áætlun er gerð grein fyrir samfellu á milli skólastiga og aldursstiga. • Markviss áætlun um notkun lesferils og skilgreint hvernig niðurstöður eru nýttar. • Áætlun um hvernig niðurstöður skimunarprófa í leikskóla eru nýttar við upphaf grunnskólagöngunnar. • Áætlun um hvernig niðurstöður skimunarprófa í 1. bekk eru greindar og með hvaða hætti þeim er skilað til leikskóla. • Niðurstöður skimunarprófa eru nýttar markvisst börnum til gagns. • Lestraráhugahvöt - leiðir til að efla innri og/eða ytri lestraráhugahvöt. • Greining á lestrarvanda; verklag í tengslum við greiningar og stuðningsáætlanir í kjölfarið.
Menntasvið (leik- og grunnskóladeildir) leggur línurnar og setur upp skimunaráætlanir í leik- og grunnskóla ásamt grófum stuðningsáætlunum með leiðum/hugmyndum um hvernig á að bregðast við eftir því hvernig börnin skora á prófum.	

Ritun og málfræði	• Markvisst nám í ritun og þjálfun í notkun ritmáls fer fram í öllum árgöngum. • Skólar nota gagnreyndar, fjölbreyttar og skapandi kennsluaðferðir sem stuðla að jákvæðu viðhorfi til notkunar ritmáls og tryggja að nemendur læri að hægt er að fara margar og ólíkar leiðir í ritun texta. • Ritunarform: ○ markviss skriftarkennsla og skriftarþjálfun. ○ kennsla og þjálfun í fingrasetningu. • Mat á skrift og ritun.
Stafrænt læsi	• Áætlun um kennslu í upplýsingalæsi og miðlun upplýsinga í öllum námsgreinum. • Skólar leggja áherslu á að kenna nemendum ábyrga notkun miðlunar- og samskiptaforrita. • Áætlun um notkun gervigreindar í kennslu og námi. • Markviss fræðsluáætlun um hvernig stafrænir miðlar og lausnir geta verið valdeflandi auk þess að geta skapað hættur, hvernig reiknirit (algóritmi) virkar og hvað þarf að hafa í huga þegar verið er að greina heimildir sem sóttar eru á netið.